

Samanburður legu og hreinleika kálfa á mismunandi legusvæðum

Sigtryggur Veigar Herbertsson
Landbúnaðarháskóli Íslands

Inngangur

- ❖ Legusvæði fyrir kálfa og geldneyti geta verið rimlagólf, legubásar, legupallar eða hálmstíur.
- ❖ Þessar lausnir hafa hver sína kosti og galla m.t.t. vinnu við hreinsun, hreinleika gripanna og hegðun gripanna
- ❖ Í þessari rannsókn voru borin saman mismunandi legusvæði á leguhegðun gripanna, hreinleika þeirra og daglegri vinnuþörf.

Framkvæmd

- ❖ Rannsóknin var framkvæmd í fjósi Landbúnaðarháskóla Íslands í 3.12.2010 – 14.01.2011. Rannsóknin var skipt upp í 6 vikulöng tímabil. Hverju tímabili var síðan skipt niður í 4 daga aðlögunartíma og 3 sólarhringa myndbandsupptöku.
- ❖ Í rannsóknina voru notaðir 12 kálvar frá 3-6 mánaða. Athugaðar voru 3 ólíkar útfærslur af stíum, legubásar, legupallar og legusvæði með hálm (sjá mynd 1).
- ❖ Skráð var á 30 mín fresti hversu margir einstaklingar lágu. Legurými var haft ríflegt til þess að plássleysi hefði ekki áhrif á leguhegðun kálfanna.
- ❖ Básar og legupallar voru hreinsaðir daglega, og hálm bætt daglega í hálmstíunna. Tími sem notaður var í daglegt viðhald var mældur með myndbandsupptöku, frá öllu tímabilinu.




Básar



Legupallar



Hálmstía



1. mynd. Afstöðumynd af tilraunaaðstöðunni. Svæði 1: Ekki notað í rannsókn. Svæði 2: hálmstía lokað fyrir aðgengi að svæði 3 og 4 með hliði 2.

Svæði 3 og 4: básar og legupallar til skiptis lokað fyrir aðgengi að svæði 2 með hliði 1.


Niðurstöður

- ❖ Munur fannst á hreinleika þar sem kálfarnir voru marktækt óhreinni á pöllum en í öðrum meðferðum (sjá mynd 2).
- ❖ Ekki reyndist munur á hversu langur tími fór í daglegt viðhald þar sem breytileiki á vinnutímanum var tölverður innan tímabils. Vinnutími var að meðaltali 120 (± 101) sek/dag fyrir bása, 170 sek/dag (± 124) fyrir palla og 155 sek/dag (± 67) fyrir hálmstíu.
- ❖ Þegar leguhegðun kálfanna var skoðuð reyndist marktækur munur á milli básanna og annara meðferða í rannsókninni, þar sem lega var marktækt minni á básum. Að meðaltali lágu 5 kálvar á básum á móti 6 á pöllum og 7 á hálmstíu (sjá mynd 3).

Ályktanir


- ❖ Enginn kálfur í rannsókninni reyndist vera óviðunandi óhrein á meðan rannsókninni stóð.
- ❖ Vinnan sem fór í daglegt viðhald stíanna var afar lítil eða að meðaltali rúmar 2 mínútur sem er viðunandi, hugsanlega mætti auka hreinleika kálfanna á legupöllum með notkun undirburðar eða með tíðari hreinsunar pallanna.
- ❖ Það virtist hafa jákvæð áhrif á leguhegðun kálfanna að legusvæðin væru óvarin, kálfarnir sóttu í það að liggja saman þegar pláss var til þess. Þessi samheldni gæti útskýrt hversvegna lega var meiri á pöllum og á hálm, þar sem þeir höfðu tækifæri til þess að liggja saman í þeim meðferðum.

Fjöldi liggjandi kálfa



3. mynd. Meðalfjöldi liggjandi kálfa á mismunandi legusvæði

Óhreinindi á kálfum



2. mynd. Hreinleiki kálfanna var metin á kvarðanum 1-5 þar sem hreinir kálvar fengu 1 í einkunn